

# Hulda og Reynir

## læra að flokka

Rósa Margrét Möller Óladóttir





## Formáli

Bók þessi er lokaverkefni til stúdentsprófs við Verkmenntaskóla Austurlands vorið 2018.

Ég ákvað að skrifa barnabók sem fræðir ung börn um mikilvægi þess að flokka rusl og hugsa vel um náttúruna.


Leiðbeinandi minn við gerð þessa verkefnis var Ágúst Ingi Ágústsson og vil ég þakka honum fyrir alla þá aðstoð sem hann hefur veitt mér. Einnig vil ég sérstaklega þakka Rebekku Rut Svansdóttur systur minni fyrir yfirlestur á verkefninu ásamt því að teikna myndir bókarinnar.

Myndirnar eru ólitaðar og gert er ráð fyrir því að börn noti eigið ímyndunarafl og liti þær sjálf.

Systkinin Reynir og Hulda áttu heima á sveitabæ sem kallaðist Fagrakot. Þrátt fyrir að engir krakkar ættu heima nálægt þeim þá leiddist þeim aldrei í sveitinni. Stutt frá húsi þeirra var stór og mikill skógur með allskonar fallegum trjám. Stundum þegar þau voru að leika sér í skóginum sáu þau litlar kanínur hoppa um og leika sér í grasinu.




Við sveitabæinn var einnig stór og falleg á sem rann niður skóginn og alla leið niður að sjó. Sjórinn var undurfagur og fóru Reynir og Hulda marg oft niður að sjó til þess að veiða fiska og þegar veðrið var gott fengu þau meira að segja stundum að baða sig með fiskunum.



Einn góðan veðurdag fengu Reynir og Hulda að fara í lautarferð í skóginn og fengu þau að taka með sér smurt brauð með osti og svala til að drekka í sólinni. Þau voru rosalega ánægð og löbбуðu langt inn í skóginn með nestið sitt. Þegar þau voru orðin svöng ákváðu þau að setjast niður og fá sér að borða.

Þegar þau voru búin að borða hentu þau svalafernunni frá sér. Þá skyndilega heyrir Hulda skrítið hljóð, hún spyr Reyni hvort hann hafi heyrt þetta. Þegar Reynir ætlaði að svara systur sinni heyrðist hljóðið aftur og er það einhver sem kallar: „Hver er að henda rusli í skóginn minn?”



Reynir og Hulda verða mjög hissa þegar þau sjá að tréið sem þau sátu hjá var byrjað að tala. Reynir hleypur upp að trénu og segir við það: „Ertu lifandi?”

„Halló krakkar, ég heiti Birkibörkur. Ég er lifandi og hef verið það í mörg hundruð ár en ef þið hendið í mig rusli mun ég verða veikur fljótt” svaraði Birkibörkur vonsvikinn.



Hulda skilur ekki hvað þau hefðu gert vitlaust og spyr hvert þau hefðu átt að henda ruslinu. Birkibörkur sagði að það sé stranglega bannað að henda rusli í náttúruna. Hann heyrði af því að það sé óþarfi að henda öllu rusli vegna þess að það sé hægt að flokka það og senda til endurvinnslu.

Reynir og Hulda verða mjög áhugasöm og setjast hjá Birkiberki. Þau spjalla saman í dágóða stund og tréið fræðir þau um ýmsa hluti tengda umhverfinu okkar.



Birkibörkur segir að náttúran sé mikilvæg og til þess að skemma ekki fallega skóginn í sveitinni sé mikilvægt að setja svalafernur og allan pappír í endurvinnslu.


„En hvers vegna skemmast tréin ef við flokkum ekki svalafernur?” Spurði Reynir. Þá sagði tréið að það væri vegna þess að svalafernur eru búnar til úr trjám. Ef það er ekki nægur pappír í endurvinnslunni til að búa til svalafernur þá koma mennirnir og höggva fleiri tré.



Hulda og Reynir þakka Birkiberki fyrir og segja honum að þau ætli nú aldrei aftur að henda rusli í náttúruna og að þau ætli að taka svalafernunar með sér heim og biðja mömmu og pabba að hjálpa sér að setja þær í endurvinnsluna.

Þegar Reynir og Hulda eru komin heim segja þau mömmu sinni og pabba frá trúnu sem talaði við þau og spurðu hvort þau gætu kennt þeim að flokka. Foreldrar þeirra urðu mjög ánægðir með áhuga barnanna á flokkun og fóru með þeim inn í eldhús.

Pabbi opnaði ruslaskápin og sýndi þeim að þar væru þrjár tunnur sem hægt væri að setja ruslið í. Fyrsta tunnann er fyrir rusl sem á ekki að fara til endurvinnslu og önnur tunnann er fyrir allan pappír og fernur. Hulda var mjög ánægð og setti hún svalafernuna sína þangað. Reynir var mjög forvitinn og spurði „eenn...eenn...eenn...hvað með síðustu tunnuna?“




Pabbi hló og sagði að það væri einnig mjög mikilvæg tunna og hún væri fyrir allt plast. Pabbi sagði að það væri mjög mikilvægt að flokka plast vegna þess að ef plast endar í náttúrunni getur það valdið því að náttúran okkar fái ekki næringu og því getur hreina góða vatnið okkar mengast.

Mamma stakk upp á því að Hulda og Reynir myndu fara niður í fjöru og athuga hvort þau myndu sjá plast eða annað rusl sem ætti ekki að vera þar. Þeim leist rosalega vel á það og fóru beint að klæða sig í útifötin.


Þegar þau voru komin í fötin sótti mamma þeirra poka svo þau gætu sett allt rusl sem þau myndu finna í hann.

Hulda og Reynir röllta af stað niður að fjöru. Þau eiga heima stutt frá sjónum en þau þurfa að fara yfir stóra götu til þess að komast þangað. Reynir minnir Huldu á að það sé mikilvægt að líta til beggja hliða og hlusta áður en þau fara yfir götuna. Það er mjög mikilvægt að fara eftir umferðareglunum og passa sig þegar farið er yfir götu.

Þegar Hulda og Reynir eru komin í fjöruna rekast þau strax á eitthvað skrítið. Það er fiskur liggjandi á fjörubakkanum. Þau hlaupa að fisknum og sjá að hann er dáinn. Á fisknum var plast og skildu Hulda og Reynir ekki hvernig það komst þangað.



Syskinin verða mjög hissa þegar þau sjá stóran hval synda upp að fjörunni og stingur hausnum upp úr sjónum. Hvalurinn heilsar Huldu og Reyni, hann segist heita Glummi. Glummi segir þeim að fiskurinn hafði dáið vegna þess að einhver hafði hent plasti utan af dósum í sjóinn og hafði fiskurinn fest sig í því.





Hann segir að það sé mjög sorglegt að sjá allt ruslið sem er í sjónum og biður syskinin um að hugsa vel um náttúruna.

Hulda segir hvalnum að þau séu búin að læra að flokka ruslið heima hjá sér og að þau ætli aldrei að henda rusli úti. Glummi verður ánægður með það en segist svo þurfa að drífa sig og syndir burt.

„Þetta var nú skrítið, fyrst hittum við talandi tré og síðan talandi hval“ segir Reynir. „Já, heldur betur skrítið en gott að við erum búin að læra ýmislegt um náttúruna okkar og flokkun á rusli“ sagði Hulda.

Syskinin voru orðin þreytt þannig að þau fóru aftur heim og ákváðu að týna rusl seinna. Þegar þau komu heim sögðu þau foreldrum sínum frá hvalnum sem þau hittu og sögðu

þeim að þau þyrftu að passa að plast utan af dósum myndi ekki enda í sjónum.

Þegar Hulda og Reynir voru komin upp í rúm hugsuðu þau um þennan dag og hlökkuðu til að geta rannsakað betur náttúruna og umhverfið.

